





SNIÐ A:A, 1:100




SNIÐ B:B, 1:100




AFSTÖÐUMYND, 1:5000



ÚTLIT VESTUR, 1:100



ÚTLIT NORÐUR, 1:100



ÚTLIT SUÐUR, 1:100



ÚTLIT AUSTUR, 1:100

**Byggingar og efnislýsing:**

***Staðsetning:*** Um er að ræða breytingar á eyðibýlinu að Hreppsendaá í Ólafsfirði sem staðsett er rétt vestan Ólafsfjarðarár við Lágheiði.
Hér eru lagðar fram breytingateikningar sem miða að lágmarksviðgerð hússins þannig að það nýtist sem fjallaskáli og áningarstaður á skíða, sleða- og hjólaferðir.

| | |
|---|---|
| ***Landnúmer:*** | 150892 |
| ***Staðgreininúmer:*** | 00042000 |

***Stærðir:***

| | |
|---|---|
| Brúttó flatarmál húss skv. skrá FMR: | 71.1m² |
| Brúttó flatarmál húss skv. uppmælingu: | 71.7m² |
| Brúttó rúmmál húss skv. uppmælingu: | 244.3m³ |

***Uppbygging og efni núverandi húss:***
Húsið er forskalað timburhús, Gluggar eru úr timbri. Þak er mænisþak með 26° halla og er þakvirki uppbyggt með 200x45mm þaksperrum. Láréttir þakbitar 180x45mm liggja tengja svo sperrur að neðan. Ofan á sperrum er 22mm [illegible] kemur bárustál. Sökklar og gólf núverandi húss eru steypt en gólf er síðan uppbyggt með 120x45mm timburbitum ofan á steypu sem síðan eru klæddir með 25mm gólfborðum. Norðan við íbúðarhúsið er steypt bíslag með einhalla þaki sem hallar til norðurs. Þakviðir bíslagsins eru 70x80mm timburbitar sem festir eru á lárétta timburreim á norðurvegg aðalhússins og sitja á steyptum norðurvegg bíslagsins. Norðurveggur bíslagsins er að hruni kominn, er sprunginn víða og mun ekki bera uppi þakviði þess lengi til viðbótar. Nánar má sjá ástand hússins á ljósmyndum sem fylgja í greinargerð.

***Breytingar sem hér er sótt um:***
Óskað er eftir leyfi til eftirfarandi breytinga/lagfæringa á húsinu:

- Útveggir verði endurklæddir að innan með nýrri rakasperru innan á veggjastoðirnar, og þá endurklætt yfir hana með lóðréttri panelklæðningu í sama stíl og er fyrir hendi.
- Klæðning undir láréttar þaksperrur verður látin halda sér en ofan á sperrur komi 18mm OSB krossviður, þá rakasperra og loks verður 200mm steinullareinangrun lögð ofan á loftið.
- Allir gluggar og hurðir verðar endurnýjaðir í upprunalegri mynd.
- Yfirborð núverandi steypts gólfs verður rétt af með floti, á það verði lögð 50mm rakavarin steinullareinangrun ("milligólfplata") 120kg/m³. Ofan á hana verði svo lagðar gólfhitalagnir í anhydrítsteypu. Ofan á það verði lagt parket.
- Nýr steinsteyptur burðarveggur verður steyptur innan við norðurvegg bíslags honum og þakviðum til stuðnings. Veggirnir verða tengdir saman með ílímdum stálteinum skv. fyrirmælum verkfræðinga.
- Gólf í bíslagi er nú moldargólf, en í stað þess verður steypt 120mm, járnbundin plata á malarfyllingu með 100mm plasteinangrun undir plötuna. Gólfhiti verður steyptur í plötuna. Ofan á hana verða svo lagðar 50mm þykkar grágrýtishellur.
- Snyrting með sturtu verður í bíslaginu og inn af því verður lagnaskápur/rými þar sem verður ný rafmagnstafla og lagna/tengigrindur skv. teikningum verkfr.
- Raflagnir verða endurnýjaðar og verða allar utanáliggjandi í svörtum járnrörum.
- Viðarbrennsluofn (kamína) verður í eldhúsi og verður frá henni gengið skv. ströngustu fyrirmælum byggingarreglugerðar og leiðbeiningarblaði Brunamálastofnunnar nr. 192.BR1. Ofninn verður tengdur við núverandi steyptan reykháf sem verður lagður að innan með heildreginni stálpípu eða öðrum viðurkenndum leiðum.
- Timburverönd verður byggð við þrjár hliðar hússins. 3 metra út frá húsi hverju sinni. Undirstöður verða steyptar súlur skv. fyrirmælum verkfr.
- Í tóftum sem eru u.þ.b. 30m suð-vestan hússins verður komið fyrir heitum steyptum potti skv. meðfylgjandi teikningu 102. Ekki verður hróflað við úthring tóftanna heldur verður steyptu kari komið fyrir innan þess.
- Húsið verður tengt nýrri rotþró sem komið verður fyrir austan við húsið skv. fyrirmælum verkfr.

C:

B:

A:

BREYTINGAR: DAGS:

HREPPSENDAÁ, ÓLAFSFIRÐI

AÐALUPPDRÁTTUR

GRUNNMYND, SNIÐ, ÚTLIT
AFSTÖÐUMYND, BYGGINGARLÝSING

| | |
|---|---|
| VERK: | 13_16_030 |
| KVARÐI: | 1:100 |
| DAGS: | 12.09.16 |
| TEIKN: | IFG |
| YFIRFARIÐ: | LME |

Kt. 210864-2969

Logi Már Einarsson arkitekt faí kt. 210864 - 2969

Hönnunarstjóri kt. 210864 - 2969

Kt. 210864-2969

KOLLGÁTA
Kaupvangsstræti 29, 600 Akureyri
Sími/Fax: 464 7880 - 464 7889
Netfang: kollgata@kollgata.is